

Hagnýtar upplýsingar um tómstundaheimilið Krakkakot

Opnunartími

- Opnunartími Krakkakots: frá því að skóla lýkur kl. 14:10-17:15.
- Opið er í jólaleyfi, vetrarleyfi, páskaleyfi og á skipulagsdögum og þegar að nemenda- og foreldraviðtöl fara fram. Sækja þarf um þá daga sérstaklega sem verða auglýstir með góðum fyrirvara. **Lokað verður 11. september** vegna sameiginlegs skipulagsdags leik- og grunnskóla bæjarins.

Lengri dagar í Krakkoti:

11. september: skipulagsdagur. LOKAÐ Í KRAKKOTI
27. október: Nemenda- og foreldraviðtöl. Opið frá kl. 8:00-17:15.
28. október: Skipulagsdagur. Opið frá kl. 8:00-17:15.
Jólaleyfi: 21.-23. desember og 28.-30. desember. Opið frá kl. 8:00-17:15.
4. janúar: Skipulagsdagur. Opið frá kl. 8:00-17:15.
28. janúar: Nemenda- og foreldraviðtöl. Opið frá kl. 8:00-17:15.
15. febrúar: Skipulagsdagur. Opið frá kl. 8:00-17:15.
Páskaleyfi: 21.-23. Mars. Opið frá kl. 8:00-17:15.

Dagsskipulag

- Börnin koma til okkar í lok síðustu kennslustundar. Þau þurfa ekki að koma með neitt með sér heldur skilja þau útifötin sín og tösku eftir við heimastofu og geta foreldrar nálgast dótið á sama stað í lok dags og skilið var við það í upphafi dags.
- Við komu í Krakkakot eru börnin skráð inn. Ef barn mætir ekki og finnst ekki við ítarlega leit er hringt heim.
- Að lokinni innskráningu er síðdegishressing og að því loknu útivera og val. Í lok dags er róleg stund.
- Áætlað er að fara af stað með hópastarf eða klúbba þegar liðið er aðeins á önnina.
- Börnin fá mynd af sér sem þau eiga að hengja á valtöflu og geta foreldrar því séð hvar barn þeirra er hverju sinni, hvort sem það er á útisvæði eða á svæði innan skólans.
- Þegar börnin eru sótt eða þau senda heim er mikilvægt að láta starfsmenn vita og að þau skili mynd sinni í tiltekið box.

Síðdegishressing

- Boðið er upp á síðdegishressingu í samstarfi við Skólamat. Hægt er að panta hana í gegnum skolamatur@skolamatur.is eða hringja í s. 420-2500. Skráning hefst þann 24. ágúst nk.
- Þeir sem koma ekki með nesti mega koma með nesti að heiman, sömu reglur gilda hjá okkur og í skólanum, hollt og gott nesti t.d. brauðbiti, ávextir eða grænmeti.

Samskipti og samstarf

- Gott upplýsingaflæði á báða bóga tryggir gott samstarf.
- Mikilvægt er að foreldrar tilkynni forstöðumanni um breytingar á dvöl barna fyrir 22. hvers mánaðar og taka þá breytingarnar gildi mánaðarmótin þar á eftir.
- Mikilvægt er að tilkynna forföll og ef barn fer heim með öðrum, **fyrir kl. 13:00** á daginn með því að senda tölvupóst á Rósu forstöðumann á tomstundaheimili@flataskoli.is. Einnig er hægt að hringja í **820-8557** eða **565-8319**. Eftir kl. 14:00 eigum við erfitt með að svara símanum því þá er starfsemi Krakkakots hafin.
- Ekki þarf að tilkynna veikindi til okkar í Krakkakoti ef veikindi hafa verið tilkynnt að morgni til á skrifstofu skólans.
- Við erum með lokaða Facebook síðu fyrir foreldra. Þar setjum við inn myndir og upplýsingar um starfið. Síðuna má finna undir heitinu Krakkakot – Flataskóla. Endilega skráið ykkur í hópinn!

Skráning og greiðslur

- Sótt er um dvöl í tómstundaheimilinu með því að fylla út umsókn í gegnum „Minn Garðabæ“. Greitt er mánuð fyrirfram. Gjaldskrá má sjá á heimasíðu Garðabæjar.
- Hægt er að sækja um systkinaafslátt. Sjá hér: <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/barnafjolskyldur/systkinaafslattur/>

